

---

## Aukin afköst fiskimjölsverksmiðju HB Granda, Vopnafirði Ákvörðun um matsskyldu

---

### NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að aukin afköst fiskimjölsverksmiðju HB Granda á Vopnafirði séu ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að áhrif vegna mannvirkjagerðar fyrir starfsemina verði hverfandi. Aukin afköst verksmiðjunnar leiða til aukinnar losunar í andrúmsloft og í fráveitu. En þar sem breytingin felst í því að auka framleiðslu án þess að stækka geymslutanka er líklegt að stækkunin leiði til þess að hráefnið sem unnið er verði ferskara þar sem geymslutími styttest og þar með eru mun minni líkur til að ólykt frá vinnslunni verði verulegt vandamál.

Skipulagsstofnun bendir á að í deiliskipulagi svæðisins (Hafnar- og miðsvæði á Vopnafirði) er tilgreind framleiðslugeta fiskimjölsverksmiðjunnar 850 tonn á sólarhring. Breyta þarf deiliskipulaginu til samræmis við áformaða framkvæmd.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 24. mars 2014.

Skipulagsstofnun

## INNGANGUR

Þann 20. desember 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Héðni hf. f.h. HB Granda hf. um aukin afköst fiskimjölsverksmiðju HB Granda á Vopnafirði samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Vopnafjarðarhrepps, Heilbrigðiseftirlits Austurlands og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Vopnafjarðarhreppi með bréfi dags. 6. febrúar 2014, Heilbrigðiseftirliti Austurlands með bréfi dags. 13. janúar 2014 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 14. janúar 2014. Frekari upplýsingar bárust frá HB Granda hf. með bréfi dags. 16. janúar 2014.

## FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

**Fyrirhuguð framkvæmd.** Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugað sé að auka afkastagetu núverandi fiskimjölsverksmiðju HB Granda hf. úr 850 tonnum hráefnis á sólarhring í 1150 tonn á sólarhring. Áætlað sé að þetta verði gert innan núverandi verksmiðjuhúss og án meiriháttar breytinga á fyrirkomulagi eða lagnakerfi. Megin hluti stækkunarinnar felist í að bæta við nýjum loftþurrkara í suðurenda verksmiðjuhúss ásamt að bæta við einu eimingarþrepi við hlið núverandi eimingartækja. Samfara þessu sé áætlað að endurnýja pressu og auka afköst hennar og stækka mjölkæli. Einnig þurfi að stækka rafmagnsinntak og fjölga spennum. Vegna fjölgunar spenna sé áætlað að byggja 22 m<sup>2</sup> viðbyggingu við núverandi spennageymslu.

**Breyting á framleiðslu.** Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að í kjölfar stækkunar verksmiðjunnar verði helstu rekstrarþættir sem hér segir:

Afköst í löndun verður óbreytt eða 200 tonn/klst. og hráefnið leitt í lokuðu kerfi í lokaða geymslutanka. Blóðvatn sem skilst frá við löndun verður varðveitt í lokuðum tönkum og nýtt inn í vinnsluna. Þannig sé tryggt að lykt frá meðhöndlun og geymslu hráefnis takmarkist við hús og hafnarsvæði. Vegna þess að verksmiðjan verður afkastameiri minnkar geymslutími sem dregur úr líkum á að lykt berist frá geymslutönkum út í umhverfið. Enn frekari áhersla verður lögð á ferskleika hráefnis en áður.

Loft frá gufuþurrkara og vinnsluferlum verður óbreytt eða um 12.000 m<sup>3</sup>/klst. Loftið verður þvegið og kælt með sjó, meðhöndlað í efnaturni og sett út í umhverfið gegnum 40 m háan skorstein. Lekaloft frá loftþurrkara sem sé um 2.500 m<sup>3</sup>/klst. tvöfaldist og verði 5.000 m<sup>3</sup>/klst. Miðað sé við að það verði meðhöndlað á sama hátt og áður og leitt til skorsteins. Kæli loft frá mjölkæli og kvörn sem sé um 20.000 m<sup>3</sup>/klst. aukist í 28.000 m<sup>3</sup>/klst. og verði mjölrýk hreinsað með síubúnaði og einnig þvegið og kælt með sjó á sama hátt sem fyrr og síðan leitt til skorsteins.

Loftræsting verksmiðjuhúss verður óbreytt eða allt að 120.000 m<sup>3</sup>/klst. og framkvæmd með sama hætti og nú.

Mjölmagnið sem berist frá verksmiðjunni mun aukast úr 160 tonnum/24klst. í 215 tonn þegar hún verði í fullum rekstri. Mjölið fari í lokuðu ferli í síló og áfram um lokað útskipunarkerfi til skips eins og áður. Lítil loftskipti séu milli umhverfis og geymslu. Loftskipti í mjölhúsi séu einnig í lágmarki og mjöl yfirleitt ekki flutt í sekkjum frá því.

Mesta framleiðslumagn af lýsi eykst frá 150 tonnum/24 klst. í 200 tonn/24/klst. Möguleikar á að lýsi berist út í umhverfið séu annars vegar frá vinnslunni og þá gegnum frárennsli af

gólfum og hins vegar frá geymslutönkum eða við útskipun. Allt frárennsli frá gólfum og yfirfall af vinnslutönkum safnist í geymslutank og fari gegnum fitugildru áður en því sé dælt til sjávar og lýsistankar séu umkringdir lekaþró lögum samkvæmt.

Fyrirhugað sé að allri orkuþörf verksmiðjunnar sem aukist í um 16 MW geti verið fullnægt með raforku þegar hún býðst á hagstæðu verði. Þetta þýði að brennsla olíu verði engin þegar raforka bjóðist.

Kæli- og þvottasjór sem sé um 20° C heitur muni aukast úr 350 m<sup>3</sup>/klst. í 500 m<sup>3</sup>/klst. Í hann sé áætlað að blandist um 11 m<sup>3</sup>/klst. af þéttivatni frá þurrkurum og eimara sem sé aukning um 4 m<sup>3</sup>/klst. Reiknað sé með að þéttivatn frá eimingartækjum sem sé 16 m<sup>3</sup>/klst. 40° heitt aukist í 24 m<sup>3</sup>/klst. Miðað sé við að afrennsli af gólfum, þvotti og yfirfall af tönkum verði sem fyrr um 100 m<sup>3</sup>/viku þegar verksmiðjan sé í gangi. Meiri hluti kælisjávar, allt þéttivatn frá eimingartækjum ásamt afrennsli af gólfum og tönkum sé leitt í brunn og dælt þaðan saman með afrennsli frá matvinnslunni 800 m frá landi niður á 24 m dýpi gegnum núverandi afrennislögn.

**Losun til umhverfis.** Í greinargerðinni kemur fram að þegar verksmiðjan starfi á fullum afköstum muni helstu breytingarnar felast í því að:

- Loft til meðhöndlunar í þvotta- og efnaturnum eykst úr 14.500 í 17.000 m<sup>3</sup>/klst.
- Loft frá kæli og kvörn til meðhöndlunar í þvottaturni eykst úr 20.000 í 28.000 m<sup>3</sup>/klst.
- Heildarloftmagn frá verksmiðjunni um skorstein eykst úr 120.000 m<sup>3</sup>/klst. í 130.000 m<sup>3</sup>/klst. eða um 8%.
- 20° kælisjór frá verksmiðju eykst úr 350 m<sup>3</sup>/klst. 500 m<sup>3</sup>/klst.
- Magn þéttivatns sem blandast kælisjó eykst úr 7 m<sup>3</sup>/klst. í 12 m<sup>3</sup>/klst.
- Magn af þéttivatni frá eimingartækjum og sjóðurum eykst úr 16 m<sup>3</sup>/klst. í 24 m<sup>3</sup>/klst.
- Aðrar breytingar á umhverfisáhrifum eru minniháttar.

## ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

**Almennt.** Vopnafjarðarhreppur telur ekki ástæðu til að meta umhverfisáhrif framkvæmdanna. Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að ekki sé líklegt að starfsemin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

**Áhrif af völdum fráveitu.** Heilbrigðiseftirlit Austurlands bendir á að hvergi sé minnst á hvaða áhrif aukin afkastageta muni hafa á hreinsibúnað fráveituvatns frá verksmiðjunni en tekið sé fram að ekki sé þörf á að stækka mannvirki verksmiðjunnar nema að litlu leyti þar sem gert hafi verið ráð fyrir því að mannvirkin rúmuðu fyrirhugaða stækkun. Heilbrigðiseftirlitið minnir á að á sumarið 2010 hafi orðið vart umtalsverðar grútarmengunar í fjörum í Vopnafirði og í ljós hafi komið að hreinsibúnaður annaði engan vegin auknum afköstum í frystihúsi HB Granda en hráefni og fráveituvatni frá vinnslunni sé dælt yfir í fiskimjölsverksmiðjuna til vinnslu þar. Heilbrigðiseftirlitið leggi ofuráherslu á það að tryggt verði að hreinsibúnaður verksmiðjunnar ráði við aukin afköst þannig að sagan frá árinu 2010 endurtaki sig ekki.

Í svörum HB Granda kemur fram að frárennslisaukningin frá árinu 2010 hafi stafað af stóraukinnar manneldisvinnslu á síld og makríl en hreinsibúnaður hafði ekki undan frárennslu frá frystihúsi félagsins. Árið 2011 hafi verið tekinn í notkun nýr og endurbættur hreinsibúnaður til að anna auknu frárennslu frá frystihúsinu. Samhliða hafi útrásarlögnin verið endurnýjuð og lengd. Nú sé allur makríl og öll síld sem uppsjávarskipin koma með að landi unninn til manneldis á Vopnafirði. Ekki sé fyrir sjáanlegt að auka þá vinnslu. Hreinsibúnaðurinn hafi starfað fullkomlega og án nokkurra vandamála frá því að hann var tekinn í notkun. Fiskimjölsværsmiðjan ráði vel við allan afskurð frá frystihúsinu og starfi eingöngu á 20 – 30 % afköstum þegar álag á hreinsistöðina sé sem mest.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands telur að þar sem framleitt verði úr 1150 tonnum af hráefni á sólarhring þá sé það álit Heilbrigðiseftirlits Austurlands að með boðaðri afkastaukningu í fiskimjölsværsmiðju HB Granda á Vopnafirði falli starfsemin undir 1. viðauka tölulíð 24 laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, sem tilgreini „Fiskimjöl- og lýsisværsmiðjur í þéttbýli með framleiðslugetu 1.000 tonn á sólarhring eða meiri“ því skuli framkvæmdin háð mati á umhverfisáhrifum.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða að auka afkastagetu núverandi fiskimjölsværsmiðju HB Granda hf. úr 850 tonnum hráefnis á sólarhring í 1150 tonn á sólarhring. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matskyldu samkvæmt 6. gr. og líð 13 a í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að áhrif vegna mannvirkjagerðar fyrir starfsemina verði hverfandi. Aukin afköst værksmiðjunnar leiða til aukinnar losunar í andrúmsloft og í fráveitu. Þar sem breytingin felst í að auka framleiðslu án þess að stækka geymslutanka er líklegt að stækkunin leiði til þess að hráefnið sem unnið er verði ferskara þar sem geymslutími styttest og þar með eru mun minni líkur til að ólykt frá vinnslunni verði verulegt vandamál.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands benti í umsögn sinni á að framleiðslan verði komin upp fyrir 1.000 tonn á sólarhring eftir stækkun. Þar með hefði stærðarviðmiðum í 1. viðauka við lög um mat á umhverfisáhrifum verið náð og því bæri að meta umhverfisáhrif starfseminnar. Skipulagsstofnun bendir á að framkvæmdin og starfsemin sem henni fylgir og nú er til umfjöllunar felur í sér framleiðsluaukningu úr 850 tonn á sólarhring í 1.150 tonn á sólarhring. Þann 5. mars 2009 tók Skipulagsstofnun ákvörðun um að 850 tonna framleiðsla HB Granda á Vopnafirði, skyldi ekki háð mati á umhverfisáhrifum, þar sem starfsemin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Þær framkvæmdir sem nú eru til umfjöllunar eru framleiðsluaukningin og afleidd áhrif hennar. Þar kemur einnig til skoðunar samlegð með þeirri starfsemi sem fyrir er, en til að starfsemin sé háð mati á umhverfisáhrifum þarf að leiða líkum að því að hún kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Vegna athugasemda Heilbrigðiseftirlits Austurland um mismun á magni hráefnis og afurða í fiskimjölsværsmiðjum bendir Skipulagsstofnun á að tekið er mið af hráefni en ekki afurðum þegar horft er til stærðarviðmiða fiskimjölsværsmiðja.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu HB Granda hf. við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð HB Granda hf. vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að aukin afköst fiskimjölsværsmiðju HB Granda á

Vopnafirði séu ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun bendir á að í deiliskipulagi svæðisins (Hafnar- og miðsvæði á Vopnafirði) er tilgreind framleiðslugeta fiskimjölsverksmiðjunnar 850 tonn á sólarhring. Því þarf að breyta deiliskipulaginu.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdin er háð byggingaleyfi Vopnafjarðar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og skv. lögum um mannvirki nr. 160/2010, sbr. reglugerð um byggingarleyfi nr. 112/2012. Einnig starfsleyfi Umhverfisstofnunar skv. reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Breyta þarf deiliskipulaginu til samræmis við áformaða framkvæmd.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 24. mars 2014.

Rut Kristinsdóttir



Sigurður Ásbjörnsson

# Skipulagsstofnun